

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2023

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins), 987. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp heilbrigðisráðherra um tímabundna breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 sem felur í sér heimild til undanþágu frá reglu um 70 ára hámarksaldur ríkisstarfsmanna sem kveðið er á um í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er það lagt fram sem úrræði ríkisstjórnarinnar við mönnunarvanda innan heilbrigðiskerfisins og t.a.m. nefnt í því sambandi að meðalævi Íslendinga hafi lengst talsvert síðan reglan um 70 ára hámarksaldur ríkisstarfsmanna var lögfest.

Á undanförunum árum hafa verið lögð fram á Alþingi mörg lagafrumvörp um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum og hækkun starfslokaaldurs ríkisstarfsmanna. BSRB hefur sent frá sér umsagnir um þau lagafrumvörp og lýst stuðningi sínum við slíkar breytingar en þó lagt áherslu á að þær verði framkvæmdar með þeim hætti að um heimild sé að ræða. BSRB hefur jafnframt gert þá kröfu að litið verði sérstaklega til lífeyrisréttinda þeirra sem kjósa að starfa fram yfir 70 ára aldur og stöðu þeirra sem hafa unnið líkamlega krefjandi störf.

Í því sambandi hefur bandalagið bent á að árið 2016 var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að greina með heildstæðum hætti þörf á því að lífeyristökualdur tiltekinnar starfshópa verði lægri en almennt tíðkast. Upphaflega átti starfshópurinn að skila niðurstöðum árið 2017 en því var frestað til ársins 2020. Starfshópurinn hugðist bíða eftir niðurstöðum rannsóknar Vinnuálastofnunar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði og ástæðum fyrir brotthvarfi. Skýrslan kom út í október árið 2022 en starfshópurinn hefur ekki enn skilað niðurstöðum sínum.

BSRB hefur talið afar mikilvægt að beðið verði eftir niðurstöðu hópsins áður en teknar verði stefnumótandi ákvarðanir hvað varðar afnám reglna um starfslokaaldur opinberra starfsmanna og bent á að ákveðinn ómöguleiki er fyrir hendi þegar kemur að lífeyrisgreiðslum þess hóps. Þannig ná ávinnslutöflurnar ekki lengra en til 70 ára aldurs og ef iðgjöld berast sjóðunum vegna sjóðsfélaga sem er eldri en 70 ára eru þau einfaldlega endursend til launagreiðanda. Þá er einnig rétt að benda á að lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gera eingöngu ráð fyrir því að launafólk og atvinnurekendur þeirra greiði iðgjöld í lífeyrissjóði frá 16 til 70 ára aldurs, sbr. 4. mgr. 1. gr. þeirra laga. Bandalagið hefur því talið

að ef það sé vilji löggjafans að starfsfólki verði gert kleift að vinna lengur en til 70 ára aldurs þurfi að breyta lögum og eftir atvikum samþykktum lífeyrissjóða til þess að koma til móts við þann hóp.

Af greinargerð frumvarpsins má ráða að tekin hafi verið ákvörðun um taka þessi atriði ekki greina. Þannig segir í greinargerðinni að lagaskylda til greiðslu iðgjalds til skyldutryggingar lífeyrisréttinda falli niður við 70 ára aldur og þau sem haldi áfram að starfa eftir 70 ára aldur geti einfaldlega haldið áfram að greiða í séreignarsjóð, kjósi þau að gera slíkt. Stefna stjórnvalda virðist því ætla að vera sú að þau sem starfi áfram eftir 70 ára aldur verði ódýrari starfskraftur en yngra starfsfólk, enda þarf atvinnurekandi þá ekki að greiða mótframlag í lífeyrissjóð viðkomandi.

Að mati BSRB mun hækkun hámarksaldurs heilbrigðisstarfsmanna ríkisins ekki leysa þann vanda sem breytingunum er ætlað að gera. Samkvæmt þeim upplýsingum sem bandalagið hefur þá hefur ekki verið framkvæmd nein könnun af hálfu hins opinberra meðal þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem nú nálgast starfslokaaldur á því hvort þau hafi hug á að starfa lengur en til 70 ára aldurs. Sjúkraliðafélag Íslands lét nýlega framkvæma könnun meðal sinna félagsmanna og þar kom fram að rúmlega helmingur sjúkraliða væri frekar eða mjög andvígur því að hækka hámarksaldur í 75 ár. Einungis tæp 8% voru mjög hlynnt breytingunni. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að þau störf sem um ræðir eru mörg hver slítandi störf þar sem mikið mæðir á starfsfólkinu alla daga og undanfarin ár hafa verið gífurlega erfið fyrir þennan sama hóp. Það er því augljóst að hér er ekki um einhvers konar töfralausn að ræða.

Afar mikilvægt er að breytingar sem þessar séu gerðar á forsendum og út frá sjónarhóli starfsfólksins en ekki atvinnurekenda. Þó það sé mat bandalagsins að hækkun starfslokaaldurs ríkisstarfsmanna geti verið tímabær breyting og BSRB sé ekki mótfallið því að hækka hámarksaldur heilbrigðisstarfsmanna ríkisins í 75 ár þá skiptir mestu máli hvernig slík breyting yrði framkvæmd. Í því sambandi þarf að horfa sérstaklega til þeirra réttinda sem starfsfólk býr við eftir 70 ára aldur, bæði innan ráðningarsambandsins en einnig þegar kemur að lífeyrisréttindum þeirra. Þau atriði hafa ekki verið ávörpuð með því frumvarpi sem um ræðir hér.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur